



**VERKEFNISLÝSING
SVÆÐISSKIPULAGS AUSTURLANDS**

EFNISYFIRLIT


Efnisyfirlit	2	UMSAGNARADILAR OG UMSAGNARFERILINN	26
INNGANGUR	3	Umsagnarferilinn	27
Upphaf	5	VERKEFNISÁÆTLUN OG VERKFERLIÐ	28
Svæðisskipulagsnefnd	6	Upphaf	28
Tilgangur svæðisskipulags	7	Verkefnislýsing	28
Markmið svæðisskipulagsins	8	Gagnaöflun, greiningar og úrvinnsla	29
Verkefnislýsing	8	Svæðisskipulagstillaga og umhverfismat áætlana	29
Skipulagssvæðið	10	Kynning, umsagnir og auglýsing	31
Stefnumótunin	12		
VIÐFANGSEFNI	13		
Viðfangsefni bundin í lögum og reglu	13		
Áfangastaðurinn Austurland	14		
Búseta og lífsgæði	15		
Þekkingarsamfélag og nýsköpun	16		
Atvinna og auðlindir	17		
ÚTFÆRSLA SKIPULAGSVINNUNNAR	18		
Greining og söfnun gagna	18		
Stefnumótun	19		
Umhverfismat áætlunar	19		
FORSENDUR	21		
Íbúáþróun	22		
Samgöngur	22		
Skipulagsmál	23		
Vinumarkaður	24		
Þjónusta	24		

INNGANGUR

Gerð verkefnislýsingar svæðisskipulags Austurlands 2019-2044 fer skv. gr. 3.2.2 og 3.2.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Þar segir m.a. að gera skuli grein fyrir áherslum svæðisskipulagsnefndar við gerð svæðisskipulagsins, forsendum þess og fyrirbyggjandi stefnu ásamt því hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Jafnframt kemur fram að sameina skuli gerð lýsingar svæðisskipulagsverkefnis og gerð matslýsingar vegna samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í umhverfismati skipulagsverkefnisins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Verklýsingu svæðisskipulags Austurlands er skipt upp í 6 kafla. Fyrsti kafli er inngangur sem fjallar um aðdraganda og tilgang skipulagsvinnunnar.

Annar kafli fjallar um helstu viðfangsefni skipulagsins ásamt fyrirbyggjandi meginmarkmiðum. Tengsl við aðrar áætlanir eru útskýrðar.



Í þriðja kafla er farið yfir útfærslu skipulagsvinnunnar. Greiningar og öflun gagna, stefnumótun og hvernig staðið verður að umhverfismati áætlunarinnar sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Í fjórða kafla er rætt um forsendur og þá þætti sem hafa haft áhrif á þróun á Austurlandi undanfarin ár í samhengi við þróun á landinu.

Fimmti kafli lýsir kynningum og samskiptum við umsagnaraðila, aðkomu almennings og annarra hagsmunaaðila.

Sjötti kafli fjallar um verkáfangi í skipulagsferlinu.

15.792 KM²

8 Sveitarfélög

11 Þéttbýliskjarnar

10.310 Íbúar



UPPHAF

Samvinna sveitarfélaganna á Austurlandi hefur verið mikil síðan Samband sveitarfélaga á Austurlandi var stofnað árið 1966. Segja má að vinnan sem farið er í núna endurspeglar aukna samvinnu sveitarfélaganna undanfarin ár. Upphaf vinnunnar má rekja til aðalfundar SSA 2015 á Djúpavogi. Þar var rætt um svæðisskipulag á málstofu og varð umræða innan SSA í kjölfarið til þess að ákveðið var að ráðast í gerð svæðisskipulags fyrir Austurland.

Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt:

FRAMTÍÐARSÝN FYRIR AUSTURLAND

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 2. og 3. október 2015 leggur til að nú þegar verði hafin vinna á vettvangi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi við að móta sameiginlega framtíðarsýn fyrir Austurland með víðtækri þátttöku allra íbúa, kjörinna fulltrúa og þingmanna kjördæmisins.

Fenginn verði utanaðkomandi ráðgjafi til þess að leiða vinnuna um sameiginlega framtíðarsýn, með það að markmiði að Austfirðingar allir geti með sem víðtækastri sátt horft til framtíðar í málefnum landshlutans og aukið þannig samkeppnishæfni hans enn frekar. Með sameiginlegri framtíðarsýn mun sparast ómældur tími sveitarstjórnarfólks og þingmanna við ákvörðunartöku um mikilvæg og krefjandi málefni landshlutans á hverjum tíma, s.s. á vettvangi heilbrigðis-, samgöngu- og menntamála svo fátt eitt sé nefnt. Horft verði á innviði samfélagsins, sem nú eru til staðar, með það að markmiði að efla þá enn frekar.

Fundurinn felur stjórn SSA að vinna að nánari útfærslu með hliðsjón af þeim kröftum sem liggja í samstarfi á Austurlandi, m.a. með starfsemi Austurbrúar.

Í framhaldinu ákvað stjórn SSA að svæðisskipulag Austurlands yrði sérstakt áhersluverkefni í sóknaráætlun landshlutans.



SVÆÐISSKIPULAGSNEFND

Svæðisskipulagsnefnd Austurlands er skipuð 2 fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi auk eins fulltrúa frá Ferðamálasamtökum Austurlands. Hana skipa nú:

FULLTRÚAR

VARAMENN

BORGARFJARÐARHREPPUR

- Jón Þórðarson
- Þorsteinn Kristjánsson

- Jakob Sigurðsson

BREIÐDALSHREPPUR

- Hákon Hansson
- Sif Hauksdóttir

- Arnaldur Sigurðsson
- Svandís Ingólfssdóttir

DJÚPAVOGSHREPPUR

- Andrés Skúlason, varaformaður
- Rán Freysdóttir

- Sóley Dögg Birgisdóttir

FJARÐABYGGÐ

- Eydís Ásbjörnsdóttir
- Páll Björgvin Guðmundsson

- Gunnar Jónsson
- Pálína Margeirsdóttir

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

- Árni Kristinsson
- Kjartan Röbertsson

- Esther Kjartansdóttir
- Freyr Ævarsson

FLJÓTSDALSHREPPUR

- Gunnþórunn Ingólfssdóttir, formaður
- Lárus Heiðarsson

- Jóhann Fr. Þórhallsson
- Arna Björg Bjarnadóttir

SEYÐISFJÖRÐUR

- Halla Dröfn Þorsteinsdóttir
- Páll Guðjónsson

- Óla Björg Magnúsdóttir

VOPNAFJÖRÐUR

- Ólafur Áki Ragnarsson
- Sigríður Bragadóttir

- Eyjólfur Sigurðsson
- Bárður Jónasson

FERÐAMÁLASAMTÖK AUSTURLANDS

- Díana Mjöll Sveinsdóttir

- María Hjálmarsdóttir

TILGANGUR SVÆÐISSKIPULAGS

Svæðisskipulag Austurlands á að draga fram þætti sem efla samfélagið á Austurlandi með frumkvæði, þekkingu og samvinnu að leiðarljósi. Settar verða fram aðgengilegar upplýsingar um sérkenni svæðisins og sóknarfæri með skýrum hætti. Við svæðisskipulagsgerðina skal svæðisskipulagsnefndin vinna með sjálfbærni til grundvallar stefnumörkun í öllum málaflokkum.

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND

Með öflugri samvinnu íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja er hægt að markaðssetja Austurland sem ákjósanlegan stað til búsetu og atvinnusóknar sem og áhugaverðan stað til að sækja heim. Kjarninn er sú trú að við þurfum í mun ríkari mæli að byggja á því sem nú þegar er til staðar á svæðinu. Þessi hugsun og hugarfar íbúanna er grundvöllurinn að því að bæta lífsgæði íbúa og ferðamanna á svæðinu. Náttúran, sagan, menningin, bæirnir og fólkid á Austurlandi er uppspretta innblásturs og skapandi hugmynda.

BÚSETA OG LÍFSGÆÐI

Landsvæði eru í stöðugri samkeppni um mannauð og atvinnutækifæri. Móta þarf stefnu sem styrkir innviði svæðisins með markvissri þátttöku íbúa. Með því verður til sterk sameiginleg framtíðarsýn þar sem forgangsröðun verkefna verður byggð á grunni sem er mótaður af íbúum Austurlands.

ÞEKKINGARSAMFÉLAG OG NÝSKÖPUN

Menntun og nýsköpun er ein af allra mikilvægustu stöðum hvers samfélags. Til að laða fleira fólk til búsetu á svæðinu þarf að stórefla möguleika á fjölbreyttri menntun á Austurlandi og flétta saman menntun og nýsköpun svo úr verði heilsteipt og sterkt þekkingarsamfélag.

ATVINNA OG AUÐLINDIR

Skilgreina þarf hvaða þætti í umhverfi okkar við teljum til auðlinda og móta atvinnu- og auðlindarstefnu til að styrkja grunnstoðir svæðisins. Upplýsingar um auðlindir og tækifæri þurfa að vera aðgengilegar fyrir íbúa á svæðinu.

Í lýsingu svæðisskipulagsverkefnis er gerð grein fyrir áherslum svæðisskipulagsnefndar Austurlands við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirbyggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað samanber 23.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

¹ Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Sjálfbærni er víðfeðmt hugtak. Það snertir ekki einvörðungu umhverfismál heldur einnig félagslegt réttlæti, heilsu, velferð, menningarmál og efnahagsmál. Að baki því býr vitund um þau takmörk sem náttúran setur umsvifum fólks. Við vinnu svæðisskipulags Austurlands skulu allir málaflokkar sem teknir verða til umfjöllunar vera unnir í anda sjálfbærni. Þeir málaflokkar sem ekki uppfylla viðmið um sjálfbærni á svæðinu skulu rýndir sérstaklega og skal vinna að stefnumarkandi mótvægisáðgerðum í þeim tilfellum.

MARKMIÐ SVÆÐISSKIPULAGSINS

Markmið svæðisskipulagsins er að móta stefnu fyrir Austurland til framtíðar og setja fram sýn íbúa á svæðið og framtíð þess. Í opnu ferli með aðkomu íbúa verður sett fram stefna fyrir sameiginlega vinnu sveitarfélaganna á sviðum markaðssetningar, búsetu, þekkingar og atvinnu. Svæðisskipulagið mun auðvelda sveitarfélögum að forgangsraða verkefnum við innviðaupbyggingu á Austurlandi.

VERKEFNISLÝSING

Verkefnislýsingin er unnin í samræmi við 23. gr. skipulagslaga 123/2010 en þar segir:

Þegar vinna við gerð svæðisskipulagstillögu hefst skal svæðisskipulagsnefnd taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hafi við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi og leita samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélaga. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga.

Verkefnislýsingin er lýsing á því hvernig staðið verður að gerð svæðisskipulagstillögu fyrir Austurland. Hún gefur íbúum svæðisins og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum og ábendingum um vinnuna.





SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið afmarkast af þeim átta sveitarfélögum sem mynda Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA). Þau eru: Vopnafjörður, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur (sjá mynd 1). Með svæðisskipulagi Austurlands er sett fram sameiginleg stefna sveitarfélaganna átta í málefnum þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fara saman.


AFMÖRKUN SVÆÐIS:

Lýsing frá suðri: Um klettabríkina Hlaupgeira norðan undir Krossanesi og Hlaupgeirabotn hátt í Krossanesfjalli liggur markalína milli Djúpavogshrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þaðan fylgir línan vatnaskilum um Hvaldalsháls, að Seltindi, áfram að Snjótindi, þar fer hún niður í Hvalvarp og upp á Ljósártungutind. Fer svo til vesturs yfir Lónsheiði um Sýslustein, yfir hæsta tind Rjúpnadalsfjalls, sveigir til norðurs með hæstu hæðarlínunum að hæsta tind Flötufjalla og svo vestur að Hvannagilstindi. Línan liggur svo

um hæstu tinda og vatnaskil allt vestur í Kálfadalsvarp í botn Starmýrardals. Frá botni Starmýrardals að Flötufjöllum norður í Kolhólatind, þaðan í beinni línu um Mosfellsheiði í Jökulgils- og Flugustaðatinda, þaðan norður í Hofsjökul miðjan og þá með markalínu Fljótsdalshrepps norðanvert í Norðurhnútu. Þar taka við sveitarfélagamörk Fljótsdalshrepps og Hornafjarðar sem er úr Norðurhnútunni í Leiðaröxl í Víðidalvarp suðvestur í Marköldu og áfram í Geldingafell, þaðan upp á miðjan Vatnajökul og þaðan

er bein lína í upptök Jökulsár á Fjöllum í vestri að Biskupshálsi um Einbúasand í Svartfell, þaðan norður í Öskufjallgarð, í Einbúa og úr honum norðaustur í Miðfjarðarárdrög þar sem Hágangalækur fellur úr Kistufelli í Miðfjarðará og fylgir Miðfjarðará móts við Háganga ytri, þaðan í Ljósalandsvatn norður í Hólmavatn um Urðir í Sauðarvatn austur í Stapavatn og fylgir svo Stapaá til sjávar.

Í skipulagslögum er gerður skýr greinarmunur á svæðisskipulagi og öðrum skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Lítið verður fjallað um staðbundna landnotkun á svæðinu heldur verður áhersla lögð á að setja fram skýra stefnu um uppbyggingu samfélags, byggðar og samgangna á Austurlandi. Betur er gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum í kafla 2. Svæðisskipulagið verður sett fram sem greinargerð studd þemauppdráttum.



Mynd 1 Sveitarfélög á Austurlandi



STEFNUMÓTUNIN

Lögð verður áhersla á eftirfylgni með stefnumótuninni og sett fram ákvæði um það með hvaða hætti ber að meta þróun á svæðinu og bera saman við stefnumið svæðisskipulags. Stefna svæðisskipulags mun ná til alls landsvæðis aðildarsveitarfélaga. Jafnframt verður horft til þess með hvaða hætti tenging við nágrennabyggðir getur þróast.

VIÐFANGSEFNI

Áður en formleg ákvörðun var tekin um að vinna svæðisskipulag fyrir Austurland var myndaður starfshópur fulltrúa sveitarfélaganna átta og settar fram tillögur að verkefnum eða áherslum sem hafa mætti til hliðsjónar við vinnuna. Verkefni svæðisskipulagsnefndar er að vinna úr þessum tillögum og vinna lýsingu á svæðisskipulagi út frá þeim.

VIÐFANGSEFNI BUNDIN Í LÖGUM OG REGLUM

Í skipulagslögum nr. 123/2010 er svæðisskipulag skilgreint sem: Skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Við gerð svæðisskipulags skal byggt á markmiðum fyrrgreindra laga og landsskipulagsstefnu.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru viðfangsefnin nánar afmörkuð og í grein 3.3.1. Viðfangsefni og efnistöð svæðisskipulags segir:

Í svæðisskipulagi skal setja fram rökstudda stefnu um þau málefni, sem sveitarfélögin telja nauðsynlegt að samræma eða hafa sameiginlega stefnu um. Stefna skal byggja á markmiðum reglugerðar þessarar, landsskipulagsstefnu og hafa hliðsjón af öðrum stefnum og áætlunum stjórnvalda sem varða þróun á skipulagssvæðinu. Þá skal gætt samræmis við skipulagsáætlanir aðliggjandi svæða.

Í svæðisskipulagi skulu koma fram eftirfarandi atriði, eftir því sem við getur átt:

- a. Sameiginleg stefna sveitarfélaganna um málefni sem undir svæðisskipulagið falla.*
- b. Hvernig svæðisskipulagið samrýmist markmiðum skipulagslaga.*
- c. Hvernig samræmis er gætt við landsskipulagsstefnu.*
- d. Hvernig svæðisskipulagið snertir aðrar skipulagsáætlanir eða áætlanagerð sveitarfélaganna.*
- e. Áfangar og tímasetningar við framfylgd stefnunnar.*

Feli svæðisskipulagið í sér stefnu um landnotkun skal hún rökstudd með vísun í þróun undanfarinna ára og líklega þróun um landnotkun, eftir því sem við á. Gera skal grein fyrir forsendum stefnu, samræmi við önnur markmið svæðisskipulagsins og hvernig staðið verður að framfylgd þess í einstökum málaflokkum.

ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND

Sameiginleg kynning og markaðssetning á Austurlandi sem áfangastaðar og búsetukosts þar sem sérstaða og tækifæri svæðis eru dregin fram. Vinnan byggir á stefnu um Áfangastaðinn Austurland og á að tengjast öllu því sem Austurland hefur upp á að bjóða. Í innleiðingunni verður hugmyndafræðin kynnt ásamt verkfærum fyrir þjónustuaðila til að nýta sér við markaðssetningu. Sameiginleg sýn, unnin á forsendum svæðis, eflir samstöðu og slagkraft út á við. Skýr forgangsröðun verkefna innan svæðis auðveldar heildræna áætlanagerð, dregur úr óvissu, flýttir fyrir ákvarðanatöku og framgangi forgangsverkefna. Svæðisskipulagið mun skýra sýn og auðvelda vinnu og samtal við fjárveitingavaldið og vinnu við fjárlagagerð.

Perlur Austurlands, náttúrulegar eða manngerðar verða skilgreindar og kortlagðar. Í kringum þær verður uppbygging innviða samræmd svo úr verði heildarmynd. Unnið verður að stefnumótandi tillögum um samspil milli svæða og framtíðarnýtingu og verndun á perlum Austurlands.

Gönguleiðir og slóðar á Austurlandi verða kortlagðir. Meta þarf ástand þeirra og vinna að kynningu og fræðslu er varðar uppbyggingu og nýtingu þeirra. Gerð verður framtíðarstefna um nýtingu á svæðum þar sem áhersla hefur verið á gönguferðir.



BÚSETA OG LÍFSGÆÐI

Landsvæði eru ávallt í samkeppni um fólk og atvinnutækifæri. Nauðsynlegt er að vinna að stefnumótun til að efla innviði Austurlands með þátttöku íbúa svæðisins. Austurland verður enn sterkara ef tekst að móta skýra og metnaðarfulla framtíðarsýn sem byggir á forgangsröðun verkefna.

Skóða á samgöngur á svæðinu með tilliti til íbúa og ferðamanna bæði inn á svæðið og innan þess. Þá verður sérstaklega horft til flugvalla og hafna. Meta þarf þá aðstöðu sem þarf að vera til staðar fyrir millilandaflug og hafnir til að taka á móti farþegaferjum og skemmtiferðaskipum.

Mikilvægir þættir í að styrkja Austurland sem atvinnu-, menningar- og þekkingarsvæði eru lagning ljósleiðara, greiðar og öruggar

samgöngur og styrking á flutningakerfis rafmagns. Hér er horft til tengingar dreifbýlis við ljósleiðara og þriggja fasa rafmagn og næga flutningsgetu orkukerfisins innan svæðis og á milli landshluta. Mikilvægt er að allir íbúar sitji við sama borð þegar kemur að tengingu við orku- og gagnaflutninga.

Almenningssamgöngur, þar með talið innanlandsflug, verða sífellt mikilvægari og því nauðsynlegt að tryggja gott net samgangna innan svæðis sem og til og frá landshlutanum. Teknar verða saman upplýsingar um núverandi stöðu almenningssamgangna og skoðað hvernig megi efla þær. Horfa skal til vistvænni samgangna og hvetja íbúa til að nýta almenningssamgöngur og spara með því orku og minnka mengun.

Staða grunnþjónustu og innviða á helstu sviðum verður greind og lagt mat á þörf fyrir umbætur og styrkingu.

Núverandi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs gildir til 2020 og því mikilvægt að vinna nýja áætlun. Gagnaöflun og úrvinnsla er stór hluti af þeirri vinnu. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur látið vinna Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð nýrrar áætlunar.



ÞEKINGARSAMFÉLAG OG NÝSKÖPUN

Menntun og nýsköpun er ein mikilvægasta stoð hvers samfélags. Austurland stefnir að því að laða fleira fólk til búsetu á svæðinu. Til þess þarf að stórefla möguleika á fjölbreyttri menntun og flétta menntun og nýsköpun saman svo úr verði heilsteypt og sterkt þekkingarsamfélag. Með söfnun og úrvinnslu upplýsinga um Þekkingarsamfélagið á Austurlandi gefst tækifæri til að vinna að stefnumótun, byggja undir þá þekkingu sem er á svæðinu og sækja nýja.

Kortlagning og skráning minja (náttúruminjar, menningarminjar, fornminjar) og framtíðarstefna mótuð um kortlagningu, nýtingu, og verndun minjanna. Unnið verður í samstarfi við Minjastofnun Íslands er varðar minjaskráningu á öllu skipulagssvæðinu. Skráningu fornleifa hefur ekki verið sinnt sem skyldi við aðalskipulagsvinnu á skipulagssvæðinu. Fornleifaskráning styrkir innviði svæðisins í heild, eykur m.a. möguleika á afþreyingu tengdri ferðaþjónustu, söguferðamennsku, gefur tilefni til merkingar nýrra og áhugaverðra gönguleiða, byggir undir þekkingu og menntun á Austurlandi, fjölgar störfum sérfræðinga og auðveldar mjög framvindu framkvæmda sem kalla á jarðrask af einhverjum toga, sbr. samgöngumannvirkni, lagnaleiðir í jörðu og aðrar framkvæmdir.

Skráning og afmörkun friðlýstra svæða sem og svæða á náttúruminjasrá verði kortlögð og sérkenni þeirra dregin fram ásamt stefnumótun eða verndaráætlunum þar sem þær liggja fyrir.



ATVINNA OG AUÐLINDIR

Mikilvægt er fyrir Austurland að unnin verði stefna sem stuðlar að fjölbreyttari atvinnu og þjónustu á svæðinu og hámarkar gæði vöru og þjónustu. Gögnum verður safnað um þá framleiðslu og þjónustu sem er til staðar á Austurlandi og út frá því metið hvar sóknarfæri kunna að liggja.

Skilgreina þarf hverjar eru auðlindir svæðisins svo sem vatn, loft, jarðhiti og sjór, nýting/verndun þeirra og sérstöðu auðlinda á Austurlandi og hvar sóknarfærin liggja. Stefna verður lögð fram til að tryggja flutning raforku inn á svæðið og innan þess.

Unnið verður strandsvæðaskipulag og nýtingaráætlun fyrir firðina á Austurlandi. Mikilvægt er að hefja markvissa vinnu sem allra fyrst við skipulag og nýtingaráætlun fjarða með styrk og viðurkenningu frá ríkisvaldinu. Svæðisskipulagsnefndin telur að leggja eigi sömu áherslu á skipulagningu fjarða og á skipulagningu landsvæða. Skipulag fjarða þar sem áform eru um uppbyggingu fiskeldis verði settir í algjöran forgang.



ÚTFÆRSLA SKIPULAGSVINNUNNAR

Við stefnumótun verður lögð áhersla meðal annars á tækifæri svæðisins í ferðaþjónustu, uppbyggingu innviða, eflingu menntunarstigs og nýsköpunar, nýtingu auðlinda með áherslu á fjölbreytta staðbundna framleiðslu sem skapar svæðinu sérstöðu. Litið verður til auðlinda svæðisins í víðum skilningi þess orðs s.s. náttúru svæðisins og sérkenna þess hvað varðar landslag, sögu og menningu. Innviðagreining verður gerð á ýmsum sviðum samfélags og atvinnulífs og stefna svæðisins mótuð á þeim grunni.

GREINING OG SÖFNUN GAGNA

Söfnun landupplýsingagagna er stór þáttur í gerð svæðisskipulags og verða þau gögn nýtt til að gefa mynd af stöðu mála hvað varðar samgöngur, auðlindanýtingu og sérkenni náttúru og sögu svæðisins. Niðurstöður verða m.a. settar fram á kortum sem gerð verða aðgengileg á www.austurland.is svo nýta megi upplýsingar landshlutanum til framdráttar.



STEFNUMÓTUN

Við stefnumótunarvinnuna verður horft til áherslna í Landsskipulagi og stefnu sveitarfélaga sem meðal annars birtist í aðalskipulagi þeirra. Eins verður horft í þessum efnum sérstaklega til vinnu í tengslum við verkefnið Áfangastaðurinn Austurland.

Skipulagið nýtist sem grundvöllur fyrir fjölmörg verkefni á vegum ríkis og sveitarfélaga. Við gerð svæðisskipulagsins verður lögð sérstök áhersla á verkefni sem styrkja svæðið sem heild. Með það í huga er meðal annars stefnt að því að vinna samgönguáætlun Austurlands sem yrði hluti af skipulaginu.

UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR

Umhverfismat svæðisskipulagstillögu Austurlands verður unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og gr. 3.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Tilgangur umhverfismats er að tryggja eins og kostur er að umhverfisáhrif skipulagsáætlana séu metin við mótun þeirra og þannig stuðlað að því að tekið sé tillit til líklegra áhrifa við stefnumótunina. Í umhverfismati svæðisskipulags Austurlands verður lögð áhersla á að greina þau umhverfisvandamál sem snerta viðfangsefni svæðisskipulagsins út frá því sjónarmiði að heildaráhrifin á umhverfið og samfélagið verði jákvæð.

Matslýsingin verður send Skipulagsstofnun til umsagnar og kynnt á vef verkefnisins. Í henni verður gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem geta orðið fyrir áhrifum vegna áætlunarinnar. Þeir þættir sem eru taldir geta valdið verulegum umhverfisáhrifum verða skoðaðir sérstaklega.

Horft verður til þeirra viðmiðana sem eiga við hverju sinni. Viðmiðin geta verið umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda á svæðis- og landsvísu og viðmiðunarmörk í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum.


Við vinnslu matsins verður leitað eftir áliti eða upplýsingum í matsferlinu en það eru t.d. stofnanir, sérfræðingar, íbúar og félagasamtök.

Matið sjálft verður síðan sett fram í umhverfisskýrslu sem verður hluti af skipulagstillögunni og kynnt samkvæmt lögum nr. 123/2010.



FORSENDUR

Forsendur skipulagsins byggja á þeim greiningum, upplýsingum, staðhættum og tengslum við aðrar áætlanir sem eru til staðar hjá sveitarfélögunum og opinberum stofnunum og stjórnvöldum. Svæðisskipulag Austurlands mun hafa sjálfbærni í forgrunni við mótun þess í öllum málaflokkum. Ríkjandi stefnur sveitarfélaganna og aðgerðir þeirra þurfa að styrkja þær stoðir sem samfélagið byggir á. Hér eru allar helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð svæðisskipulagsins og mynda samfélagið sem við búum í. Sem dæmi um stoðir má nefna fjölda og samsetningu íbúa, vinnumarkaðinn, skóla, samgöngur, öryggi íbúa, ýmsa opinbera þjónustu og menningarviðburði. Tengslanet skipulagsins nær víða rétt eins og mynd 2 sýnir.



Mynd 2 Tengslanet svæðisskipulags

ÍBÚAÞRÓUN

Um langan tíma hefur Íslandi verið skipt í fjórðunga, Suður-, Vestur-, Norður- og Austurland og er Austurland strjálbýlasta svæðið með um 3% íbúa landsins. Frá árinu 1990 var samfelld fólksfækkun á Austurlandi og náði íbúafjöldi lágmarki árið 2002. Segja má að stóriðjuframkvæmdirnar 2004-2007 hafi snúið þeirri þróun við.

SAMGÖNGUR

Tveir flugvellir á Austurlandi eru í grunnneti samgangna, á Egilsstöðum og Vopnafirði samkvæmt samgönguáætlun 2015-2018. Daglegt áætlunarflug er milli Vopnafjarðar og Akureyrar virka daga og á milli Egilsstaða og Reykjavíkur er áætlunarflug þrisvar sinnum á dag. Á Norðfirði er flugbraut með bundnu slitlagi sem sinnir sjúkraflogi og einkaflugi.

Stofnvegur á Austurlandi er þjóðvegur nr. 1 frá Biskupshálsi í vestri, austur og suður um Egilsstaði, Reyðarfjörð, Fáskrúðsfjörð, Stöðvarfjörð, Breiðdalsvík, Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð að sveitarfélagamörkum Djúpavogshrepps og Hornarfjarðar við Krossanesfjall. Frá þjóðvegi 1 liggur stofnvegur af Fjöllum til Vopnafjarðar og

þaðan til norðurs um Sandvíkurheiði til norðurs til Bakkafjarðar og til suðurs, yfir Helliðheiði til Egilsstaða. Frá Egilsstöðum liggja stofnvegir að þéttbýlisstöðum í Borgarfirði, Seyðisfirði og frá Reyðarfirði liggur stofnbraut til Neskaupstaðar um Eskifjörð. Þjóðvegur nr. 1 milli Austurlands og Norðurlands eystra liggur í 500 metra hæð yfir sjó í Vegaskarði og 600 metra hæð í Langadal við Svartfell. Annars liggur stofnvegur milli byggða á Austurlandi mjög hátt á nokkrum stöðum, hæst á Helliðheiði, milli Vopnafjarðar og Héraðs, í 655 metra hæð y.s., á Fjarðarheiði, milli Seyðisfjarðar og Héraðs, í 620 m y.s., í Vatnsskarði, milli Héraðs og Borgarfjarðar, í 431 m y.s. og á Fagradal. Frá Djúpavogi liggur stofnvegur í norður annarsvegar um suðurfirði og hins vegar um Breiðdalsheiði eða Öxi. Helsta samgönguæð


íbúa í Djúpavogshreppi og fleiri vegfarenda er þó um Axarveg.

Á Austurlandi eru sjö hafnir í grunnneti samgöngukerfisins. Samkvæmt heimasíðu Vegagerðarinnar eru eftirtaldar hafnir á Austurlandi: ein vöruflutningahöfn, á Reyðarfirði, fimm í flokki I, á Vopnafirði, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði og Fáskrúðsfirði og ein í flokki II, meðalstórar fiskihafnir, á Djúpavogi. Að auki er höfnin á Reyðarfirði í þessum flokki II. Í flokki III, bátahafnir er höfnin á Stöðvarfirði og í flokki IV, smábátahafnir eru 3 hafnir, á Borgarfirði, Mjóafirði og Breiðdalsvík. Siglingastofnun miðar flokkun sína við að í höfnum í flokki I geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig.

SKIPULAGSMÁL

Aðalskipulag er í gildi í öllum sveitarfélögunum nema í Breiðdalshreppi en það verður samþykkt síðar á þessu ári.

Staða aðalskipulags á svæðinu:



Svæðisskipulag Austurlands verður unnið með hliðsjón af Landsskipulagi eins og er gert ráð fyrir í skipulagslögum.

VINNUMARKAÐUR

Atvinnuleysi á Austurlandi hefur verið fremur lítið eða á bilinu 4,4-1,6% á árunum 2010-2016 og um helmingi minna en á landinu öllu samkvæmt www.vinnumalastofnun.is.

ÞJÓNUSTA

Á Austurlandi er ýmis þjónusta til staðar en nokkuð er um að sækja þurfi ýmsa grunnþjónustu út fyrir svæðið, þá sérstaklega heilbrigðisþjónustu og háskólamenntun. Vinna þarf að greiningu á þeirri þjónustu sem er í boði og leggja fram stefnu um það hvernig er best að efla og tryggja hana. Setja þarf fram markmið um hvernig skuli ná fram meiriþjónustu inn á svæðið s.s. millilandaflug, betri tengingar á milli byggða, bætt aðgengi að heilbrigðisþjónustu o.s.frv.





UMSAGNARAÐILAR OG UMSAGNARFERILLINN

Við gerð svæðisskipulagsins verður haft samráð við lögbundna umsagnaraðila 2, sérstaka samstarfsaðila og almenning og fá þeir til umsagnar verkefnislýsingu og skipulagstillögu á vinnslustigi sbr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

²Til lögbundinna umsagnaraðila teljast: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Flugmálastjórn Íslands, Isavia, Minjastofnun Íslands, Veðurstofa Íslands, Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Siglingastofnun, Skógrækt ríkisins og nágrannasveitarfélög.

UMSAGNARAÐILAR

Listi yfir þá aðila sem fá verkefnislýsingu og síðar skipulagstillögu til umsagnar:

Austurbrú	Lögreglan á Austurlandi
Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)	Minjasafn Austurlands
Sýslumaðurinn á Austurlandi	Samgöngustofa
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Verkmenntaskóli Austurlands
Landmælingar Íslands	Vatnajökulspjóðgarður
Náttúrufræðistofnun Íslands	Heilbrigðisstofnun Austurlands
Orkustofnun	Byggðastofnun
Ferðamálastofa	Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	Héraðsskjalasafn Austfirðinga
Náttúrustofa Austurlands	Skólaskrifstofa Austurlands
UÍA	Búnaðarsamband Austurlands
Landssamtök skógareigenda	Bændasamtök Íslands
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Samál
Samorka	Samtök atvinnulífsins
Afl – starfsgreinafélag	Samband íslenskra sveitarfélaga

Listinn er ekki tæmandi. Einnig verður verkefnislýsingin send til frjálsra félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana sem starfa á svæðinu auk þess að kallað verður eftir athugasemdum almennings með auglýsingum í staðarfjölmiðlum.

UMSAGNARFERILINN

Þegar vinnu við skipulagslýsinguna lýkur verður hún send Skipulagsstofnun og fjölmörgum aðilum til umsagnar (sjá lista í kafla 5.1) og birt á vef verkefnisins, www.austurland.is og á vefjum sveitarfélaganna á Austurlandi. Frestur til athugasemda er 4 vikur. Þegar lýsingin hefur verið send til umsagnar verður hún birt á vef verkefnisins, á vefjum sveitarfélaganna og auglýsing sett í fjölmiðla. Útprentuð eintök lýsingar munu liggja frammi á bæjarskrifstofum Vopnafjarðarhrepps, Fljótsdalshrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Leitað verður eftir ábendingum í formi hugmynda, tillagna, athugasemda eða spurninga um efni lýsingarinnar. Að loknum umsagnartíma mun svæðisskipulagsnefnd vinna úr athugasemdum og gera breytingar á lýsingu eftir því sem ástæða þykir til.

Árangur verkefnisins veltur ekki síst á því að íbúar svæðisins fylgist með og taki þátt. Svæðisskipulagsnefnd hvetur því íbúa sérstaklega til að koma á framfæri ábendingum eða að spyrja spurninga varðandi efni þessa skjals.

Ábendingar má senda til verkefnisstjóra með pósti (b.t. Svæðisskipulag, Tjarnarbraut 39, 700 Egilsstaðir) eða með tölvupósti (svaedisskipulag@ssa.is) eða með símtali (s. 470 3808). Athugasemdir og ábendingar sem koma eftir kynningu á verkefnalýsingu verða nýttar til að skilgreina verkefnið nánar og við greiningu og stefnumótun á síðari stigum vinnunnar.



VERKEFNISÁÆTLUN OG VERKFERLIÐ

UPPHAF

Undirbúningur verkefnisins hófst með skipun starfshóps þar sem öll sveitarfélögin áttu hvert sinn fulltrúa. Verkefni stýrihópsins var að ramma inn þær áherslur sem svæðisskipulagið á að endurspeglar. Í framhaldi þeirrar vinnu var ráðinn verkefnisstjóri, svæðisskipulagsnefnd skipuð og settar starfsreglur fyrir nefndina. Fyrsti fundur svæðisskipulagsnefndar var haldinn á Egilsstöðum þann 23. október 2016. Frá upphafi hefur það verið stefna sveitarfélaganna að tengja svæðisskipulagið og verkefnið Áfangastaðurinn Austurland saman og verður upplýsingasíða skipulagsins hýst á sameiginlegum vef Áfangastaðarins Austurlands og svæðisskipulags Austurlands á vefsíðunni www.austurland.is.

VERKEFNISLÝSING

Verkefnislýsing er unnin af svæðisskipulagsnefndinni og verkefnisstjóra en nánar er fjallað um hlutverk verkefnislýsingarinnar í kafla 1.3. Svæðisskipulagsnefnd leggur fram tillögu að verkefnislýsingu sem fer til sveitarfélaga til umsagnar. Þær athugasemdir sem koma þar fram verða nýttar til að styrkja verkefnislýsingu og síðan afgreiðir svæðisskipulagsnefnd hana til kynningar og umsagnar í samræmi við 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga. Verkefnislýsingin fer til umsagnar hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum (sjá lista í kafla 5.1) og auk þess verður hún kynnt á heima-síðum sveitarfélaganna og vef verkefnisins, www.austurland.is.





GAGNAÖFLUN, GREININGAR OG ÚRVINNSLA

Frá upphafi verkefnisins hefur farið fram gagnaöflun og þegar verið unnið úr þeim svo sem kort og ýmsar greiningar gerðar. Auk þess sem gögn og greiningar verða nýttar í verkefnum eins og Áfangastaðurinn Austurland en þar voru haldnir opnir fundir auk kynningafunda sem hafa verið haldnir í tengslum við innleiðingu þess verkefnis. Eins og áður segir byrjaði gagnaöflun strax og verkefnisstjóri var ráðinn en gert er ráð fyrir að þessari vinnu ljúki í byrjun árs 2018.

SVÆÐISSKIPULAGSTILLAGA OG UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Vinna við svæðisskipulagstillögu og umhverfismat mun hefjast í byrjun árs 2018 og standa fram á mitt ár 2018. Lögð verður áhersla á þátttöku íbúa Austurlands með íbúafundum og upplýsingum á heimasíður skipulagsins. Þá verður unnin matslýsing vegna umhverfismats og síðan umhverfisskýrsla í framhaldi af því auk þess sem skipulagstillaga verður unnin.





KYNNING, UMSAGNIR OG AUGLÝSING

Rétt er að vekja athygli á að sveitarstjórnarkosningar verða 26. maí 2018 og því er ekki gert ráð fyrir að kynningar hefjist fyrr en í seinni hluta árs 2018. Þá gefst íbúum og umsagnaraðilum tækifæri til að skila umsögnum um skipulagstillöguna sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að loknum kynningar og umsagnartíma verður unnið úr þeim umsögnum og ábendingum og að því loknu verður skipulagstillagan afgreidd til Skipulagsstofnunar fyrir formlega auglýsingu hennar. Eftir að Skipulagsstofnun hefur gefið tillögunni umsögn verður hún send í auglýsingu samkvæmt 24. gr. skipulagslaga. Þar er kveðið á um að auglýsingatíminn sé 6 vikur og þá gefst öllum tækifæri til að gera athugasemdir við svæðisskipulagstillöguna. Gert er ráð fyrir að svæðisskipulagið taki gildi um mitt ár 2019.

WWW.AUSTURLAND.IS



AUSTURLAND

BORGARFJARDAR-
HREPPUR

